

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað a- og b-liðar 1. tölul. 3. mgr. koma fjórir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1014 frá 8. júní 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágur fyrir seljendur hrávöru, sem er birt á bls. 342 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á bls. 71 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020.
 - b. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2188 frá 11. ágúst 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágu á kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar tiltekin sértryggð skuldabréf, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020. Reglugerðin er birt í fylgiskjali með reglugerð þessari.
 - c. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2395 frá 12. desember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag til að draga úr áhrifum á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar IFRS-staðals 9 og fyrir meðhöndlun tiltekinna áhættuskuldbindinga opinberra aðila sem gefnir eru upp í heimagjaldmiðli aðildarríkis sem stórra áhættuskuldbindinga, sem er birt á bls. 94 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42 frá 25. júní 2020, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á bls. 1 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 99 frá 12. desember 2019, þó þannig að í stað dagsetningarinnar „1. febrúar 2018“ tvívegis í 9. efnismgr. 1. tölul. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2395 kemur: 1. maí 2020.
 - d. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingavernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga, sem er birt á bls. 22 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19 frá 18. mars 2021, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2020 frá 7. febrúar 2020. Ákvörðunin er birt í fylgiskjali með reglugerð þessari.
- b. 4. mgr. orðast svo:

Eftirfarandi reglugerðir skulu gilda hér á landi:

 1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar nettó-fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012, þó ekki ii- til v-, vii- og xii-liðir a-liðar 2. tölul., 29., 31., 38., 45. og 122. tölul. 1. gr. og 2. gr. reglugerðarinnar né fyrirmæli 8., 23., 27., 33., 35.–37., 39.–41., 47., 63., 101., 119., 128. og 129. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar er varða hæfar skuldbindingar og skilavald og þannig að í stað dagsetningarinnar „28. desember 2020“ í a-lið 7. efnismgr. 12. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: 28. júní 2021. Með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32019R0876>.
 2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/873 frá 24. júní 2020 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 að því er varðar ákveðnar aðlaganir

til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum. Reglugerðin er birt í fylgiskjali með reglugerð þessari.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. tölul. málsgreinarinnar fellur brott.
- b. Í stað orðanna „hæfu fjármagni“ í 38. tölul. málsgreinarinnar kemur: þætti 1, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

3. gr.

31. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

Um áhættuskuldbindingar og áhættuvogir vegna hlutdeildarskírteina eða hluta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu fer skv. 132.–132. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. gr.

Orðin „og hæfu fjármagni“ í 4. mgr. 61. gr. reglugerðarinnar falla brott.

5. gr.

Í stað orðanna „hæfu fjármagni“ í 3. mgr. 64. gr. reglugerðarinnar kemur: þætti 1 fyrirtækisins, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „hæfu fjármagni fjármálafyrirtækis“ í 1. mgr. greinarinnar kemur: þætti 1 fjármálafyrirtækis, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
- b. Í stað orðanna „hæfu fjármagni“ alls staðar í 2. og 3. mgr. kemur: þætti 1.

7. gr.

Í stað orðanna „hæfu fjármagni“ í 2. mgr. 66. gr. reglugerðarinnar kemur: þætti 1, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

8. gr.

Í stað orðanna „hæfu fjármagni“ í 3. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar kemur: þætti 1, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „hæfu fjármagni“ í töflu í 2. mgr. kemur: þætti 1, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
- b. Í stað orðanna „hæfu fjármagni“ í 3. og 4. mgr. kemur: þætti 1.

10. gr.

Í stað orðanna „hæft fjármagn fjármálafyrirtækis“ í 2. mgr. 72. gr. reglugerðarinnar kemur: eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækis.

11. gr.

Á eftir 86. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein er verður 86. gr. a sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hlutfall stöðugrar fjármögnunar.

Fjármálafyrirtæki skal reikna hlutfall stöðugrar fjármögnunar til samræmis við 428. gr. a–428. gr. az reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

12. gr.

Í stað tilvísunarinnar „429.-430. gr.“ í 1. mgr. 87. gr. reglugerðarinnar kemur: 429.-429. gr. g.

13. gr.

Á undan fylgiskjali við reglugerðina koma tvö ný fylgiskjöl sem birt eru með reglugerð þessari.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 117. gr. a og 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast gildi 28. júní 2021.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. júní 2021.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Gunnlaugur Helgason.

Fylgiskjal I.**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2188****frá 11. ágúst 2017****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágu á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar tiltekin sértryggð skuldabréf**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 503. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 496. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 heimila lögbærum yfirvöldum að veita undanþágu fyrir tiltekin sértryggð skuldabréf fram til 31. desember 2017 frá 10% viðmiðunarmörkunum sem um getur í ii. lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. þeirrar reglugerðar og ii. lið f-liðar 1. mgr. 129. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Ákvæði 4. mgr. 503. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skyldar framkvæmdastjórnina til að endurskoða þennan möguleika með tilliti til þess hversu tilhlýðilegur hann er fyrir lögbær yfirvöld og ákvarða hvort hann eigi að vera til frambúðar. Framkvæmdastjórnin óskaði eftir að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veitti tækniráðgjöf um þetta atriði. Sú ósk leiddi til þess að unnin var „Skýrsla um regluramma og meðhöndlun fjármagns fyrir sértryggð skuldabréf í ESB“. Framkvæmdastjórnin notaði þá skýrslu til að meta enn frekar gildandi eftirlits- og reglufyrirkomulag um sértryggð skuldabréf og lagði í framhaldinu skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um 503. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Skýrslan leiddi í ljós að einungis takmarkaður hluti landsbundinna regluramma fyrir sértryggð skuldabréfa innan samstæðu, séu tekin með. Þar sem sumar stofnanir treysta í rekstrarlíkönunum sínum á að lögbær yfirvöld veiti undanþágu, þykir þó rétt í þágu réttarvissu að heimila lögbærum yfirvöldum að framlengja undanþáguna, sem um getur í 1. mgr. 496. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, fram yfir dagsetninguna sem um getur í því ákvæði. Ákvæðum 1. mgr. 496. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ætti þess vegna að breyta og fella úr gildi dagsetninguna sem þar um getur, í þeim skilningi þó að endurmeta geti þurft möguleikann sem lögbær yfirvöld hafa til að veita undanþágu, í tengslum við síðari regluramma um sértryggð skuldabréf.
- 4) Í þágu réttarvissu þykir rétt að kveða á um varanlega undanþágu frá dagsetningunni eftir að núverandi undanþága rennur út.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 496. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 komi eftirfarandi í stað inngangsmálsliðar:

„Lögbærum yfirvöldum er heimilt að falla frá, að fullu eða að hluta, 10% hámarkinu vegna forgangseininga sem gefnar eru út af frönskum Fonds Communs de Créances eða samsvarandi verðbréfunarstofnunum sem mælt er fyrir um í d- og f-lið 1. mgr. 129. gr., að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude Juncker

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

Fylgiskjal II.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 16/2020
frá 7. febrúar 2020
um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingarvernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga ⁽¹⁾.

2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Lið 14a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 R 0630**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 (Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4).“

2. Aðlögunartexti l) er endurtölusettur sem aðlögunartexti m).

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta k).

„l) Í 469. gr. a., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „26. apríl 2019“ sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2020 frá 7. febrúar 2020“.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/630, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.